

Nð.

249. Nefndarátt

nm frv. til laga nm viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60,
10. nóv. 1913.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. það, er hjer nm ræðir, og virðist henni óhjá-
kvæmilegt, að sint sje málaleitan bæjarstjórnar Vestmannaeyja um heimild fyrir

ríkisstjórnina til að greiða $\frac{1}{3}$ kostnaðar af framkvæmdum þeim, er um ræðir í frv.

Við byggingu hafnargarðanna í Vestmannaeyjum, sem hófst 1914, hefir verið við mikla örðugleika að etja, og hafa þessi mannvirki, eða þó einkum syðri hafnargarðnrinn, orðið fyrir mörgum og stórum áföllum vegna sjávarróts, sem stundum hefir eyðilagt stóra kafla garðsins. Jafnt og þjett hefir þó verið unnið að viðgerð á því, sem hrunið hefir, enda gæti innsigling til hafuarinnar skemst mjög eða jafnvel tepst, ef hafnargarðarnir hryndu og grjótið bærisk á siglingaleið þeirra skipa, er til hafnarinnar sækja.

Óþarft er að lýsa því, hvað af slíkri teppu myndi leiða.

Áframhaldandi bygging nauðsynlegustu hafnarmannvirkja í Vestmannaeyjum er lífsskilyrði fyrir hinn stóra veiðiskipafloa, sem þar á heima.

Með þeirri fjárveitingu, er hjer nú ræðir, er óhætt að vona, að byggingu hafnargarðanna verði lokið og nokkrar umbætnr gerðar innan hafnar til að bæta úr brýnustu þörf bátanna, sem nú eru í stökustu vandræðnum með að leggja aflla sinn á land.

Til frekari rökstæðnings vill nefndin leggja hjer fram brjef frá trúnaðarmani ríkisstjórnarinnar til fim. frv. um þetta mál:

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 21. maí 1929.

Í fyrra sumar var unnið að því að gera við garðana í Vestmannaeyjum sjerstaklega að ganga svo frá hans suðurgarðsins, að hann yrði sem tryggastur, og jafnframt að fullgera enda norðurgarðsins.

Að suðurpartinum var unnið mikið og þarft verk, og er hann nú að mestu talinn úr þeirri miklu hættu, sem hann var kominn í. Að vísu skemdist í vetur eitthvað af því sem gert var, en það var hvorki mjög mikið nje heldur þannig, að það sje talið hættulegt fyrir garðinn. Það er aðvælt að gera við skemdina. Verkinu var ekki lokið undir hanstið; mest kapp var lagt á að tryggja garðinn ntanverðan, og fyrir endan, og tókst það að mestu, en eftir er hálfur garðsendinn og innri hliðin, sem nauðsynlegt er að ganga frá í vor, jafnframt því, að gert verði við hina umræddu bilnn.

Þar sem mest kapp var lagt á að tryggja suðurgarðsendann, var norðurgarðurinn láttinn sitja á hakannum, og hann því ekki að öllu fullgerður. En það, sem gert hefir verið, hefir staðist alveg óhaggað yfir vetrinn, og því aðeins eftir að byggja upp það litla, sem enn vantar.

Í snndinn milli garðsendanna hefir undanfarin ár verið unnið að því að hreinsa upp grjótið og dýpka innsiglinguna. En af því er enn mikið ógert, og mjög nauðsynlegt, ekki aðeins að halda dýpinni við, heldur og að vinna að því, að fá meira dýpi þar heldur en verið hefir.

Á höfninni er mjög þröngt, bátum hefir fjölgað ört undanfarin ár, og

þeir jafnframt stækkað. Er því nú bagalegt, að bæði er skortur á legusvæði og afgreiðsluplássi fyrir bátana. Hvernig haganlegast verður að koma bátunum fyrir, er enn ekki útgert um að fullu, því það stendur í sambandi við dýpkunn hafnarinnar, en nú hana vantar enn fullnaðaráætlun, vegna þess að fullnægjandi botnrannsóknir hafa ekki verið gerðar, en menn fara fram í vor. Afgreiðslupláss fyrir bátana er bæði nanðsynlegt að mynda nú þegar, til þess að geta komið fiskinum í land óskemdum án þess að bátarnir þurfi að biða, en það er hægt að gera án þess að það spilli nokkuð hinn væntanlega skipulagi hafnarinnar. Tel jeg því nanðsynlegt, að hin fyrirhugaða bryggja verði gerð í Básaskeri á komandi snmri.

Áætlun um þessi verk hefi jeg gert, og er hún þessi:

Viðgerð á snðrgarðinnm	kr. 45000.00
Að fullgera norðurgarðinn	— 15000.00
Bryggja í Básaskeri (lausleg áætlun)	— 40000.00
Dýpkun á snndinn	— 100000.00
	<u>Kr. 200000.00</u>

Th. Krabbe.

Alþm. Vestmannaeyja

Hr. konsúll Jóhann Jósefsson,

hjer.

Með þeim rökstæðningi, sem hjer er fram færður, leggur nefndin til, að frv. sje samþykkt.

Alþingi, 27. mars 1929.

Sveinn Ólafsson,	Signrjón Á. Ólafsson,	Jóhann P. Jósefsson,
form.	frndaskr.	frsm.
Magnús Torfason,	Ólafur Thors.	
með fyrirvara.		